með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2004 frá 24. september 2004 ([1]).

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB frá 29. apríl 2004 um spurningalista sem nota skal í tengslum við árlega skýrslugjöf um mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt tilskipunum ráðsins 96/62/EB og 1999/30/EB og samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB og 2002/3/EB ([2]), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 63, skal felld inn í samninginn.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/839/EB ([3]), en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ai (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/224/EB):

„21aj. **32004 D 0461**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB frá 29. apríl 2004 um spurningalista sem nota skal í tengslum við árlega skýrslugjöf um mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt tilskipunum ráðsins 96/62/EB og 1999/30/EB og samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB og 2002/3/EB (Stjtíð. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 84), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 63.

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lok eyðublaðs 25b í viðauka við ákvörðunina:

„

| IC | LI | NO |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |

"

2. Texti liðar 21af (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/839/EB) falli brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/461/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 63, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

([1]) Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 76 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 54.
([2]) Stjtíð. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 84.
([3]) Stjtíð. EB L 319, 4.12.2001, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

**2005/EES/26/14**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 174/2004

**frá 3. desember 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2004 frá 29. október 2004 ([1]).

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/990/EB frá 17. desember 2002 til frekari skýringar á viðauka A við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar meginreglur um mælingar á verði og magni í þjóðhagsreikningum ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19dd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1889/2002) í XXI. viðauka við samninginn:

„19de. **32002 D 0990**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/990/EB frá 17. desember 2002 til frekari skýringar á viðauka A við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar meginreglur um mælingar á verði og magni í þjóðhagsreikningum (Stjtíð. EB L 347, 20.12.2002, bls. 42).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Á Íslandi skulu nýju meginreglurnar um mælingar á verði og magni notaðar frá árinu 2006.

b) Í Noregi skulu nýju meginreglurnar um mælingar á verði og magni notaðar sem hér segir:

   i) Frá árinu 2005 að því er varðar CPA 73 og 75 (sameiginleg þjónusta).

   ii) Frá árinu 2006 að því er varðar CPA 70 og 71.

   iii) Frá árinu 2007 að því er varðar CPA 64, 66, 67, 72, 74, 75 (þjónusta við einstaklinga) og 90–93.

   iv) Frá árinu 2006 að því er varðar útflutning og innflutning á vörum.

   v) Frá árinu 2007 að því er varðar útflutning og innflutning á þjónustu."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2002/990/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 43 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 26.
([2]) Stjtíð. EB L 347, 20.12.2002, bls. 42.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

2005/EES/26/15

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 175/2004

**frá 3. desember 2004**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2004 frá 29. október 2004 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir 27. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002) í XXI. viðauka við samninginn:

**„HAGSKÝRSLUR UM UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ**

„28. **32004 R 0808**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki í Liecthenstein.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 808/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 43 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 26.

([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 176/2004** **2005/EES/26/16**

**frá 3. desember 2004**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 frá 29. september 2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2004 frá 6. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 10b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002) í XXII. viðauka við samninginn:

„10ba. **32003 R 1725**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 frá 29. september 2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 261, 13.10.2003, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0707**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2004 frá 6. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 111, 17.4.2004, bls. 3)."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1725/2003 og 707/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 261, 13.10.2003, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 111, 17.4.2004, bls. 3.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 177/2004** **2005/EES/26/17**

**frá 3. desember 2004**

**um breytingu á bókun 3 við EES-samninginn, um framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 3. mgr. 8. gr. samningsins, og bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 3 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2004 frá 29. október 2004 ([1]).

2) Bókun 4 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2003 frá 14. mars 2003 ([2]).

3) Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2001 frá 23. nóvember 2001 ([3]) er kveðið á um að tíminn, sem Liechtenstein er gefinn til aðlögunar vegna bókunar 3 við samninginn, skuli framlengdur til 1. janúar 2005.

4) Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2003 frá 14. mars 2003 ([4]) er kveðið á um að tíminn, sem Liechtenstein er gefinn til aðlögunar vegna tiltekinna ákvæða bókunar 4 við samninginn, skuli framlengdur til 1. janúar 2005.

5) Furstadæmið Liechtenstein og Ríkjasambandið Sviss mynda tollabandalag í krafti tollasamningsins frá 29. mars 1923.

6) Samningur Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss frá 22. júlí 1972 ([5]) nær einnig til Liechtensteins í krafti viðbótarsamningsins frá 22. júlí 1972 um að samningur Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss skuli taka til Furstadæmisins Liechtensteins ([6]) .

7) Hinn 26. október 2004 var undirritaður samningur Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um breytingu á samningi Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss frá 22. júlí 1972 að því er varðar ákvæði um unnar landbúnaðarafurðir (hér nefndur „breytingasamningurinn"), einkum bókun 2 við þann samning.

8) Í 2. mgr. 4. gr. breytingasamningsins er kveðið á um að samningur Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss skuli einnig gilda á yfirráðasvæði Furstadæmisins Liechtensteins meðan tollabandalagið við Sviss er í gildi.

9) Með ákvæðum 2. viðauka við breytingasamninginn eru endurnýjuð ákvæði bókunar 2 við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss frá 22. júlí 1972.

10) Í 3. mgr. 1. gr. hinnar nýju bókunar 2 við samning Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss frá 22. júlí 1972 er mælt fyrir um að ákvæði bókunarinnar skuli einnig gilda í Liechtenstein meðan það ríki nýtur undanþágu frá ákvæðum bókunar 3 við samninginn.

11) Að teknu tilliti til þessara atriða er eðlilegt að breyta aðlögunartímanum, sem Liechtenstein hefur verið veittur vegna bókunar 3 við samninginn, í varanlegt ákvæði og veita Liechtenstein undanþágu frá ákvæðum bókunar 3.

12) Eins skal fara að með tilliti til undanþágunnar sem Liechtenstein nýtur samkvæmt 2. mgr. 2. gr. bókunar 4 við samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Orðin „fram til 1. janúar 2005" í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn og orðin „, fram til 1. janúar 2005," í 2. mgr. 2. gr. bókunar 4 við samninginn falli brott.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 18.11.2004, bls. 30 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 57, 18.11.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 46 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 29.
([3]) Stjtíð. EB L 22, 24.1.2002, bls. 34 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 25.
([4]) Stjtíð. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 46 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 29.
([5]) Stjtíð. EB L 300, 31.12.1972, bls. 189.
([6]) Stjtíð. EB L 300, 31.12.1972, bls. 281.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 178/2004** **2005/EES/26/18**

**frá 3. desember 2004**

**um breytingu á bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 23 (um samvinnu milli eftirlitsstofnana) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 21 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 ([1]).

2) Bókun 23 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 ([1]).

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans ([2]) skal felld inn í samninginn.

4) Með reglugerð (EB) nr. 773/2004 eru felldar úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 ([3]), (EB) nr. 2842/98 ([4]) og (EB) nr. 2843/98 ([5]), en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæði 3. gr. bókunar 21 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað texta 4. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94) komi eftirfarandi:

   „ **32004 R 0773**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18)."

2. Texti 5. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98), 15. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98) og 16. liðar 1. mgr. (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98) falli brott.

*2. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir 10. gr. bókunar 23 við samninginn:

**„AÐGANGUR AÐ MÁLSSKJÖLUM**

*10. gr. a*

Þegar eftirlitsstofnun veitir aðilum, sem andmælum er beint til, aðgang að málsskjölum skal aðgangurinn ekki taka til innanhússskjala hinnar eftirlitsstofnunarinnar eða samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjunum. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær t.a.m. ekki til bréfaskipta á milli eftirlitsstofnananna, milli eftirlitsstofnunar og samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða milli samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjum EB eða í EFTA-ríkjunum þegar slík bréfaskipti eru hluti af málsskjölum þar til bærrar eftirlitsstofnunar."

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 773/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, hvort sem síðar verður.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 42.
([2]) Stjtíð. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18.
([3]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1994, bls. 28.
([4]) Stjtíð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 18.
([5]) Stjtíð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 22.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

**2005/EES/26/19**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 179/2004

**frá 9. desember 2004**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2004 frá 3. desember 2004 ([1]).

2) Meginmarkmiðið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ([2]) er að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu.

3) Starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu getur haft áhrif á öryggisstig í almenningsflugi á Evrópska efnahagssvæðinu.

4) Af þessum sökum ber að fella reglugerð (EB) nr. 1592/2002 inn í samninginn til þess að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 21 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 10.
([2]) Stjtíð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*VIÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 66m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„66n. **32002 R 1592**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (Stjtíð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal 11. mgr. bókunar 1.

b) Að því er varðar EFTA-ríkin skulu Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, njóta aðstoðar Flugöryggisstofnunarinnar við þau verkefni sem þeim eru falin, hvernig og hvenær sem það á við.

c) Ekkert í reglugerð þessari skal túlkað á þann veg að Flugöryggisstofnun Evrópu sé falið umboð til starfa fyrir hönd EFTA-ríkjanna samkvæmt milliríkjasamningum nema að því leyti sem þau njóta aðstoðar hennar til að rækja skyldur sínar samkvæmt slíkum samningum.

d) Ákvæði 9. gr. breytist sem hér segir:

i) Á eftir orðinu „Bandalagsins“ í 1. mgr. bætist við orðin „eða EFTA-ríkis“.

ii) Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„Ef Bandalagið stofnar til viðræðna við þriðja ríki um gerð samnings þess efnis að aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni sé heimilt að gefa út skírteini á grundvelli skírteina sem flugmálayfirvöld í því ríki gefa út, skal leitast við að tryggja að EFTA-ríkjunum bjóðist sambærilegur samningur við það ríki. EFTA-ríkin skulu leitast við að gera samninga við þriðju ríki sem samsvara þeim sem Bandalagið hefur gert.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:

„5. Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl Flugöryggisstofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

f) Eftirfarandi bætist við í b-lið 2. mgr. 12. gr.:

„Stofnunin skal ennfremur vera Eftirlitsstofnun EFTA innan handar og veita henni sams konar aðstoð að því marki sem ráðstafanir og störf af því tagi heyra undir eftirlitsstofnunina samkvæmt samningnum.“

g) Eftirfarandi komi í stað e-liðar 2. mgr. 12. gr.:

„annast störf og verkefni á sínu valdsviði sem samningsaðilum hafa verið fengin með gildandi alþjóðasamþykktum, einkum Chicago-samningnum. Flugmálayfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu annast slík störf og verkefni aðeins að því leyti sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.“

h) Eftirfarandi komi í stað fyrsta málsliðar 15. gr.:

„Að því er varðar loftför, hreyfla, loftskrúfur, íhluti og búnað, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., skal Flugöryggisstofnunin annast störf og verkefni hönnunar-, framleiðslu- eða skráningarríkisins í tengslum við hönnunarsamþykki, eftir því sem við á og eins og tilgreint er í Chicago-samningnum eða viðaukum hans. Flugmálayfirvöld í EFTA-ríkjunum skulu aðeins annast störf og verkefni af þessu tagi að því leyti sem þeim er falið slíkt í samræmi við þessa grein.“

i) Ákvæði 16. gr. breytist sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 1. mgr.:

„Stofnunin skal gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um eftirlit með stöðlun sem framkvæmt er í EFTA-ríki.“

Eftirfarandi bætist við í 3. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa samráð við Flugöryggisstofnunina í þessu efni að því er varðar EFTA-ríkin.“

j) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:

„4. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

k) Eftirfarandi bætist við í 21. gr.:

„EFTA-ríkin skulu beita gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna og viðeigandi reglum sem samþykktar hafa verið á grundvelli hennar.“

l) Eftirfarandi bætist við á eftir orðinu „Bandalagsins“ í 1. mgr. 23. gr.:

„, auk íslensku og norsku“

m) Eftirfarandi bætist við á eftir c-lið 2. mgr. 24. gr.:

„ca) Eftirlitsstofnun EFTA skal framsent afrit af almennri skýrslu stofnunarinnar samkvæmt b-lið og starfsáætlun hennar samkvæmt c-lið.“

n) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 25. gr.:

„3. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.“

o) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 32. gr.:

„6. Ríkisborgarar EFTA-ríkjanna skulu vera hlutgengir til setu í kærunefndum, einnig sem formenn. Þegar framkvæmdastjórnin tekur saman skrána yfir hæfa umsækjendur, sem um getur í 3. mgr., skulu einnig teknar til greina umsóknir hæfra ríkisborgara EFTA-ríkjanna.“

p) Eftirfarandi bætist við í lok 1. mgr. 45. gr.:

„Að því er varðar EFTA-ríkin skal Eftirlitsstofnun EFTA njóta aðstoðar Flugöryggisstofnunarinnar við ofangreind verkefni.“

q) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 48. gr.:

„8. EFTA-ríkin skulu greiða hluta af því fjárframlagi frá Bandalaginu sem um getur í fyrsta undirlið 1. mgr. Í þessu skyni skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við hann, að breyttu breytanda.“

r) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 54. gr.:

„6. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem sett er á stofn samkvæmt 1. mgr. og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópubandalaganna, að undanskildum atkvæðarétti.“

7. Ef fyrir liggur að ákvörðun um mál verði tekin í ráðinu vegna ágreinings milli framkvæmdastjórnarinnar og nefndarinnar er EFTA-ríkjunum heimilt að taka það upp í sameiginlegu EES-nefndinni í samræmi við 5. gr. samningsins.““

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 180/2004** **2005/EES/26/20**

**frá 16. desember 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 8. júní 2004 ([1]).

2) Rétt er að ýta undir viðeigandi samstarf milli samningsaðilanna í atriðum sem varða starfsemi sameiginlega fyrirtækisins Galíleó samkvæmt ákvæðum reglugerðar ráðsins (EB) nr. 876/2002 frá 21. maí 2002 ([2]).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta samstarf geti átt sér stað.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 7. mgr. 1. gr. (Rannsóknir og tækniþróun) í bókun 31 við samninginn:

„8. Samningsaðilar skulu ýta undir viðeigandi samstarf milli hlutaðeigandi samtaka, stofnana og annarra aðila á yfirráðasvæðum sínum ef það getur stuðlað að því að efla og víkka út samstarf í atriðum sem varða starfsemi sameiginlega fyrirtækisins Galíleó ([1]).

([1]) **32002 R 0876**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 876/2002 frá 21. maí 2002 um að koma á fót sameiginlega fyrirtækinu Galíleó.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 52 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.
([2]) Stjtíð. EB L 138, 28.5.2002, bls. 1.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2005/EES/26/21**

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 181/2004

**frá 16. desember 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2004 frá 6. ágúst 2004 ([1]).

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 626/2004/EB frá 31. mars 2004 um breytingu á ákvörðun nr. 508/2000/EB um áætlunina Menning 2000 ([2]).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í fjórða undirlið 4. mgr. 13. gr. (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 508/2000/EB) í bókun 31 við samninginn:

„- **32004 D 0626**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 626/2004/EB frá 31. mars 2004 (Stjtíð. ESB L 99, 3.4.2004, bls. 3).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 5 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 3.
([2]) Stjtíð. ESB L 99, 3.4.2004, bls. 3.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 182/2004** **2005/EES/26/22**

**frá 16. desember 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2004 frá 6. ágúst 2004 ([1]).

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 791/2004/EB frá 21. apríl 2004 um aðgerðaáætlun Bandalagsins til styrktar aðilum sem starfa að menntun og þjálfun í Evrópu og til stuðnings sérstakri starfsemi á því sviði ([2]).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað orðsins „áætlun“ í fyrsta málslið mgr. 2k komi orðið „áætlunum“.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í mgr. 2k:

„- **32004 D 0791**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 791/2004/EB frá 21. apríl 2004 um aðgerðaáætlun Bandalagsins til styrktar aðilum sem starfa að menntun og þjálfun í Evrópu og til stuðnings sérstakri starfsemi á því sviði (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 31).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkin skulu taka þátt í aðgerðum áætlunarinnar 2, 3A, 3B og 3C.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 1 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 31.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 183/2004** **2005/EES/26/23**

**frá 16. desember 2004**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2004 frá 6. ágúst 2004 (1).

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 790/2004/EB frá 21. apríl 2004 um aðgerðaáætlun Bandalagsins til styrktar aðilum sem starfa að æskulýðsmálum í Evrópu (2).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir mgr. 2j:

„2k. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2005 taka þátt í eftirfarandi áætlun:

- **32004 D 0790**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 790/2004/EB frá 21. apríl 2004 um aðgerðaáætlun Bandalagsins til styrktar aðilum sem starfa að æskulýðsmálum í Evrópu (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 24)."

2. Í stað textans í 3. mgr. komi eftirfarandi:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í mgr. 1, 2, 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g, 2h, 2i, 2j, og 2k í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins."

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kjartan Jóhannsson***

formaður.

(1) Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 1 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 1.
(2) Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 24.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.